

Alþingi
Erindi nr. P 135/2592
komudagur 7.5. 2008



Alþingi
B.t. Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Selfoss, 6. maí 2008
Málanr. Mast08040118

Efni: Umsögn Matvælastofnunar vegna þskj. 825 – 524. mál, EES-reglur, breyting ýmissa laga.

Inngangur

Við er til erindis sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis dags. 9. apríl 2008 þar sem óskað er eftir umsögn Matvælastofnunar (MAST) um 524. mál, EES-reglur, breyting ýmissa laga. Yfirdýralæknir fékk sama erindi til umsagnar, en hefur unnið að gerð þessara athugasemda með öðrum starfsmönnum MAST. MAST gerir eftirfarandi athugasemdir við framkomið frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða.

Stofnunin vill fyrst geta þess að hún telur heppilegt að í kjölfar þessarar lagasetningar verði strax farið að huga að heildar uppstokkun á lagabálkum sem fjalla um matvæli og fóður. Stofnunin gerir sér grein fyrir því að slíkt er ómögulegt nú miðað við þann tímaramma sem unnið er eftir í þessu máli. Þegar litið er til framtíðar er hins vegar ljóst að öryggi, yfirsýn og vinnuumhverfi batnar verulega ef hægt er að sameina lagaákvæði um matvæli í einn lagabálk.

Verður nú vikið að einstökum ákvæðum frumvarpsins, sem og ákvæðum þeirra laga sem ætlunin er að breyta.

1. I. kafli - Breytingar á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum.

a. 2. og 3. gr. – Fæðubótaefni

Veruleg vandkvæði hafa verið fram til þessa varðandi eftirlit með fæðubótaefnum þegar þau innihalda efni sem falla undir skilgreiningu lyfja skv. lyfjalögum. Telur MAST nauðsynlegt að skerpa á hver eigi að sinna þessu eftirliti. Eins og ákvæðið er sett upp í a. lið 2. gr. matvælalaga eiga þau ekki að ná til fæðubótaefna sem innihalda lyf skv. lyfjalögum. Jafnframt segir í 3. tl. 3. gr. um skilgreiningu á fæðubótaefni að slík efni megi ekki innihalda lyf skv. lyfjalögum.

Stofnunin telur uppsetningu þessara ákvæða ekki eyða óvissu um hver skuli sinna eftirliti með fæðubótaefnum sem innihalda lyf eða lyfjavirk efni og mælir með að 1. mgr. 2. gr. matvælalaga endi á setningunni “Jafnframt ná lögin til fæðubótaefna.” Þá fellur burt orðalagið “... enda innihaldi þau ekki lyf samkvæmt lyfjalögum”. Jafnframt að skilgreiningu á fæðubótaefni í 3. tl. 3. gr. verði breytt með svohljóðandi hætti: “Fæðubótaefni eru matvæli sem eru ætluð sem viðbót við venjulegt fæði og eru með hátt hlutfall af vítamínum, steinefnum eða annars konar efnum sem hafa næringar- eða lífeðlisfræðileg áhrif.” Úr skilgreiningunni yrði þá tekinn textinn: “Fæðubótaefni mega ekki innihalda lyf samkvæmt lyfjalögum.”

Skv. Evrópulöggjöf teljast fæðubótaefni til matvæla. Stofnunin telur að með framangreindum breytingum yrði skýrt að ef fæðubótaefni innihalda lyf eða lyfjavirk efni eigi stjórnvöld að taka á málum á grundvelli matvælalaga og að samráð verði haft við þá sem fara með eftirlit skv. lyfjalögum. Þeir sem fara með matvælaeftirlit taka þá vöru af markaði ef ætla má að varan geti verið hættuleg til neyslu eða blekki neytendur varðandi eðli eða áhrif vörunnar skv. mati Lyfjastofnunar og MAST. Til að eyða allri óvissu um lögmæti slíkra aðgerða verði eftirfarandi

bætt við 1. mgr. 11. gr. matvælalaga: “Þá er óheimilt að flytja til landsins eða setja á markað fæðubótarefni sem innihalda lyf eða lyffjavirk efni sem falla undir ákvæði lyffjalaga.”

b. 4. gr. – Stjórn og skipan opinbers eftirlits

MAST telur nauðsynlegt að skoða ákvæði frumvarpsins og ákvæði matvælalaga vegna eftirlits með mjólkurstöðvum, kjötvinnslum, kjötpökkunarstöðvum og eggjavinnslu. Í dag er málum þannig háttað að Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga (HES) veitir mjólkurstöðvum starfsleyfi og hefur eftirlit með þeim, nema þegar um er að ræða fyrirtæki sem hafa leyfi til útflutnings, þá fer MAST einnig með eftirlit með þeim fyrirtækjum. Varðandi kjötvinnslur þá fer MAST með eftirlit með vinnslum sem tengdar eru sláturhúsum en HES fer með eftirlit með öðrum kjötvinnslum. Sú tilhögun er viðhöfð til að fyrirbyggja að tveir eftirlitsaðilar fari með eftirlit í sama fyrirtæki, en dýralæknar hjá MAST fara með eftirlit í sláturhúsum.

Framangreind skipan mála gerir það að verkum að tveir eftirlitsaðilar hafa eftirlit með fyrirtækjum sem leyfi hafa til útflutnings. Þetta gerir það að verkum að misræmi getur orðið í framkvæmd eftirlits. Þá má einnig spyrja hvernig skipan eftirlits skuli vera eftir þær breytingar sem nú eru lagðar til með þessu lagafrumvarpi. Þar koma upp tvö álitamál sem skoða þarf betur:

A. Frjálst flæði vöru

Breytingarnar munu fela í sér að allar íslenskar kjötvinnslur og allar mjólkurstöðvar fá leyfi til að markaðssetja vörur á EES frá og með gildistöku þeirra ákvæða laganna, sem varða búvörur, í lok árs 2009. Ekki mun þá lengur þurfa leyfi frá ESB til markaðssetningar. Á þá að viðhalda núverandi fyrirkomulagi um að sum þessara fyrirtækja séu undir eftirliti MAST og önnur undir eftirliti HES? Um leið liggur fyrir að engin breyting verður þegar um útflutning til þriðju ríkja er að ræða, þá er það MAST sem mun fara með eftirlit og það sama á við um eftirlit með innflutningi búfjárafurða (kjöt, mjólk, egg) frá þriðju ríkjum, sem fara mun fram á landamærastöðvum MAST hér á landi.

B. Störf opinberra eftirlitsdýralækna

Samkvæmt ákvæðum 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 854/2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu, skulu opinberir eftirlitsdýralæknar fara með eftirlit með hluta kjötvinnsla og kjötpökkunarstöðva (þ.e. “cutting plants”) sem setja ferskar kjötvörur á markað. MAST hefur opinbera eftirlitsdýralækna sem starfa á umdæmisskrifstofum stofnunarinnar um allt land, en það sama gildir ekki um heilbrigðiseftirlitið, en þar starfa dýralæknar við matvælaeftirlit á sumum eftirlitssvæðum, en ekki öðrum. Samkvæmt skilgreiningu á opinberu eftirlitsstjórnvaldi í 2. gr. sömu reglugerðar væri MAST það stjórnvald sem færi með þetta hlutverk hér á landi, nema stofnunin feli annarri stofnun að annast það verkefni. Stofnunin gæti aðeins framselt slíkt eftirlitshlutverk til stofnunar sem hefur á að skipa dýralæknum sem standast þær kröfur sem gerðar eru til opinberra eftirlitsdýralækna í reglugerð (EB) nr. 854/2004. Sérstök athygli er vakin á því að reglugerð (EB) 854/2004 gildir um allt eftirlit með dýraafurðum sem ætlaðar eru til manneldis, óháð því hvort um er að ræða búfjárafurðir eða sjávarafurðir. MAST mun því fara með hlutverk eftirlitsstjórnvalds skv. þessari reglugerð.

Vegna þess sem að fram greinir og til að samræma eftirlit með vinnslu á kjöti er það mat stofnunarinnar að MAST verði falið eftirlit með kjötvinnslum og kjötpökkunarstöðvum, að undanskilinni smásölu. Verkaskiptingin gagnvart HES yrði þá hin sama og gildir um sjávarafurðir skv. núgildandi ákvæðum 6. gr. matvælalaga nr. 93/1995. Til samræmis við þetta ætti sama fyrirkomulag að gilda um eftirlit með mjólkurstöðvum og vinnslu eggja. Vakin er athygli á að þau matvælafyrirtæki sem hér um ræðir dreifa vörn um allt land og eiga nú einnig að fá heimild til frjálstrar dreifingar matvæla á EES. Því er eðlilegt að samræma eftirlit með þessum fyrirtækjum með því að fela það einum aðila.

Fallist Alþingi á þau rök sem hér koma fram verður að breyta 4. gr. frumvarpsins, sem er tillaga um breytingu á 6. gr. matvælalaga, og setja þar inn tvo nýja svohljóðandi stafliði um opinbert eftirlit sem MAST skal annast:

- *“kjötvinnslum og kjötpökkunarstöðvum, að undanskilinni smásölu”*
- *“mjólkurstöðvum og eggjavinnslu”*

c. 5. gr. – Öryggi matvæla

MAST telur að með fyrirhuguðum breytingum á EES-samningnum verði að huga sérstaklega að markaðssetningu matvæla sem geta innihaldið örverur sem geta valdið matarsjúkdómum. Er hér t.d. átt við kjötvörur sem gætu innihaldið örverur eins og salmonella og kamylobakter. Íslensk matvælaframleiðsla stendur hins vegar mjög vel hvað varðar fyrirbyggjandi aðgerðir til að tryggja að t.d. alifuglar mengaðir þessum örverum berist ekki á markað.

Í sameiginlegri ákvörðun (Joint Committee Decision) um breytingu á EES-samningnum kemur fram að Ísland muni sækja um s.k. viðbótartryggingar vegna salmonellu, sem geri það að verkum að unnt verður að krefjast vottorða með vörum sem berast hingað frá EES. Ekki er hins vegar hægt að sækja um slíkar tryggingar vegna kamylobakter. Því vaknar sú spurning hvort fjallað verður um þetta atriði í nefndarátliti við afgreiðslu frumvarpsins frá Alþingi, t.d. hver markmið stjórnvalda verði varðandi kröfur til markaðssetningar matvæla sem geta innihaldið kamylobakter.

MAST telur ákvæði 5. gr. frumvarpsins fullnægjandi ef til þess kemur að taka þurfi matvæli af markaði vegna hættu á heilsutjóni. Hins vegar mælist stofnunin til þess að skoðað verði hvort þar skuli bæta við ákvæði sem varðar skyldur bæði matvælafyrirtækja og eftirlitsaðila til að fyrirbyggja að hættulegar vörur berist á markað. Sem dæmi mætti skoða þann möguleika að bæta eftirfarandi við 1. mgr. 8. gr. a.: *“Stjórnandi matvælafyrirtækis, sbr. einnig b. lið þessarar greinar, og eftirlitsaðilar skv. lögum þessum, skulu því í störfum sínum huga sérstaklega að því að ekki berist á markað matvæli sem geta valdið matarsjúkdómum.”*

d. 28. gr. – Gildistökuákvæði

Vísað er til athugasemda stofnunarinnar við 74. gr. frumvarpsins.

2. III. kafli – Breytingar á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998, með síðari breytingum.

a. 35. gr. – Störf héraðs- og eftirlitsdýralækna

Í 2. mgr. segir að héraðsdýralækna skuli einungis sinna opinberum eftirlitsstörfum, en sambærilegt ákvæði kemur ekki fram vegna eftirlitsdýralækna. *Stofnunin telur því rétt að fella brott ákvæði í 3. mgr., þar sem stofnunin telur að ákvæðið gangi of langt í að takmarka möguleika eftirlitsdýralækna til að sinna almennri dýralæknaþjónustu. Jafnframt er í þessu sambandi nauðsynlegt að skoða síðustu mgr. athugasemda um 35. gr. frumvarpsins.*

MAST telur að þær aðstæður geti skapast að eftirlitsdýralækna verði ráðnir í hlutastarf hjá stofnuninni og verði því jafnframt að hafa möguleika á að stunda almenna dýralæknaþjónustu, ekki síst í hinum dreifðari byggðum landsins. Að öðrum kosti gæti orðið erfitt að fá dýralækna til starfa á öllum landssvæðum þar sem dýralæknaþjónusta þarf að vera í boði. Í þessu sambandi vekur stofnunin jafnframt sérstaka athygli á ákvæðum 37. gr. frumvarpsins, sem gæti átt við eftirlitsdýralækna sem starfa í hlutastarfi, sem og sjálfstætt starfandi dýralækna. Ákvæði þessarar greinar eru ein megin forsenda þess að unnt sé að breyta skipan opinbers eftirlits á vegum héraðsdýralækna og eftirlitsdýralækna í samræmi við þá EES löggjöf sem hér mun gilda í lok árs 2009 ef frumvarpið verður samþykkt á Alþingi í núverandi mynd.

Athygli Alþingis er jafnframt vakin á því að fastráðnir héraðsdýralæknar og eftirlitsdýralæknar sem starfa munu hjá MAST falla undir skilgreiningu á opinberum eftirlitsdýralæknum (“official veterinarian”) í (f) lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 854/2004. Varast ber að rugla þessum fastráðnu starfsmönnum MAST við dýralækna sem hafa leyfi til að starfa hér á landi og sem fjallað er um í (g) lið sömu greinar reglugerðarinnar (“approved veterinarian”). Þar er um að ræða dýralækna sem ráðnir eru af MAST til að sinna tilteknum verkefnum og hefur stofnunin í samræmi við þessi ákvæði t.d. möguleika á að ráða sjálfstætt starfandi dýralækna í afmörkuð verkefni. Fordæmi eru fyrir slíku og mun þessi heimild án efa nýtast MAST til að tryggja fullnægjandi eftirlit með þeirri starfsemi sem fellur undir lögin og hlutaðeigandi reglur. Tekið skal fram að slíkt fyrirkomulag við ráðningu sjálfstætt starfandi dýralækna er mjög algengt í ríkjum á EES og því sjálfsagt fyrir Ísland að nýta einnig þessa möguleika.

MAST telur að hafi menn áhyggjur af hagsmunaárekstrum hjá eftirlitsdýralæknum, sem starfa hjá stofnuninni og sem jafnframt sinna að hluta til almennri dýralæknaþjónustu, þá dragi það verulega úr hættu á slíkum árekstrum að þeir starfa í umboði og undir verkstjórn héraðsdýralækna. Héraðsdýralæknar eiga eingöngu að sinna opinberu eftirliti skv. ákvæðum frumvarpsins. Komi upp aðstæður þar sem eftirlitsdýralæknir gæti talist vanhæfur vegna starfa sinna, ber honum skv. ákvæðum stjórnsýslulaga að vekja athygli héraðsdýralækna á því, sem myndi bregðast við með þeim hætti að fela öðrum eftirlitsdýralækni verkið eða sinna því sjálfur.

b. 36. gr. – Vaktsvæði dýralækna

Í ákvæðinu er fjallað um bakvaktir sem tryggja eigi að ávallt sé hægt að fá dýralækni til að sinna klíniskri dýralæknaþjónustu. Þar sem fyrir liggur að störf héraðsdýralækna verði breytt með þeim hætti að þeir sinni einungis opinberum störfum telur stofnunin einsýnt að jafnframt verði að koma upp bakvaktafyrirkomulagi í einhverri mynd vegna opinbers eftirlits dýralækna. Í ákvæðinu er lagt til að vaktsvæði á þéttbýlustu svæðunum verði felld niður.

Á þéttbýlustu svæðunum eru rekin öflug dýralækna fyrirtæki sem þegar í dag sinna og skipuleggja á eigin forsendum vaktþjónustu fyrir dýraeigendur á viðkomandi stöðum. Með ákvæðum frumvarpsins yrðu fjármunir þannig betur nýttir til að efla þjónustu í dreifðari byggðum (sbr. einnig ákvæði 37. gr.) og um leið til að standa undir bakvöktun vegna opinbers eftirlits. Í núgildandi kerfi greinir aðila á um hvort bakvaktir dýralækna nái aðeins til almennrar dýralæknaþjónustu eða hvort þær nái jafnframt til bakvakta vegna opinbers eftirlits. Þá hefur reynslan sýnt að þau verkefni sem felast í opinberu eftirliti, s.s. dýraverndunarmál, eru afar erfið úrlausnar og þarfnast mikillar reynslu og þekkingar, þannig að hægt sé að sinna þeim af þeirri festu og öryggi sem nauðsynlegt er á grundvelli gildandi laga. Sóttvarnir er annar málaflökkur þar sem nauðsynlegt er að hafa þann viðbúnað sem þarf til að bregðast skjótt við málum af hálfu opinberra aðila.

Fallist Alþingi ekki á ákvæði frumvarpsins um að fella niður bakvaktir á þéttbýlustu svæðunum gæti málamiðlun falist í því að hafa þar vaktir utan venjulegs dagvinnutíma á þremur vaktsvæðum (*Gullbringa og Kjós, Skaga- og Eyjafjörður og Árnes- og Rangárvallasýsla*). Jafnframt ætti þá að skoða, þrátt fyrir ofangreinda annmarka á því, hvort bakvaktir dýralækna eigi jafnframt að ná til opinbers eftirlits, auk þess sem fram kemur í ákvæði frumvarpsins um að “..... tryggja almenna þjónustu við dýraeigendur”. Væri slík lausn valin gæti niðurstaðan orðið sú að bakvaktir MAST skv. síðustu mgr. greinarinnar yrðu takmarkaðar við opinbera vakt við aðalskrifstofu stofnunarinnar. Verði niðurstaðan hins vegar sú að bakvaktir dýralækna nái aðeins til þjónustu við dýraeigendur yrðu bakvaktir á vegum MAST að ná til allra landshluta.

Að lokum er vakin athygli á því að í upptalningu á vaktsvæðum dýralækna virðist bæjarfélagið Svalbarðshreppur hafa fallið brott í 6. tl., en bæjarfélagið er eitt þeirra svæða þar sem nauðsynlegt er að skipuleggja bakvaktir til að tryggja þjónustu við dýraeigendur.

c. 37. gr. – Dýralæknaþjónusta í dreifðum byggðum

Stofnunin telur afar mikilvægt og í raun grundvöllur fyrir því að hægt sé að ráðast í þær breytingar sem felast í frumvarpinu að tryggt verði að dýralæknaþjónusta verði í boði í hinum dreifðu byggðum þar sem fyrrséð er að ekki sé grundvöllur fyrir dýralækna að sinna einungis klínískri þjónustu. Tryggja verður fjármagn og starfsaðstöðu til að hægt verði að manna þær stöður sem þarna er getið.

d. 38. gr. – Sérgreinadýralæknar

Í 38. gr. er fjallað um störf sérgreinadýralækna. MAST telur þá upptalningu sem þar er að finna barn síns tíma og leggur til, með hliðsjón af þeim markmiðum að auka sveigjanleika í starfsemi stofnunarinnar, að 1. mgr. ákvæðisins verði með svohljóðandi hætti: “*Matvælastofnun skal eftir þörfum ráða sérgreinadýralækna til að sinna verkefnum á sviði sóttvarna, dýravelferðar, dýralyffja, dýraheilbrigðis og heilbrigðis dýraafurða.*” Það orðalag sem notað er í þessari breytingartillögu MAST er að mati stofnunarinnar betra en að nota viðtæka upptalningu á þeim verkefnum sem sérgreinadýralæknum beri að sinna.

Vegna síðustu mgr. þessarar greinar er það skilningur MAST að þetta ákvæði eigi að tryggja að stofnunin verði óháð í sínum störfum, sbr. (b) lið 2. tl. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 822/2004. Hins vegar ætti þetta ákvæði ekki að koma í veg fyrir að sérgreinadýralæknar geti sinnt almennri dýralæknaþjónustu á sviðum þar sem MAST fer ekki með eftirlit, t.d. vegna gæludýra. Með orðinu ráðgjöf í ákvæðinu er jafnframt litið svo á að þar sé átt við ráðgjafarverkefni gagnvart eftirlitsþola sem gætu valdið hagsmunaárekstrum í eftirlitsstörfum á vegum MAST.

e. 39. gr. – Starfskjör héraðsdýralækna

Í ákvæðinu er fjallað um að héraðsdýralæknum skuli boðin störf hjá MAST. Stofnunin er sammála því að öllum héraðsdýralæknum skuli boðin störf hjá henni, en telur rétt að síðasti málsliður í athugasemdum með ákvæðinu verði tekinn til skoðunar til að taka af allan vafa um að þau störf sem boðin verði séu ekki einungis störf eftirlitsdýralækna.

Í málsliðnum segir: “Gert er ráð fyrir að sex dýralæknum verði boðin störf héraðsdýralækna í sex nýjum umdæmum en allt að tíu dýralæknum boðin störf eftirlitsdýralækna.”

Í stað þessa málsliðs leggur stofnunin til svohljóðandi breytingu: “*Gert er ráð fyrir að sex dýralæknum verði boðin störf héraðsdýralækna í sex nýjum umdæmum en allt að tíu dýralæknum verði boðin önnur störf hjá Matvælastofnun.*”

3. V. kafli – Breytingar á lögum um framleiðslu, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, nr. 55/1998, með síðari breytingum.

Stofnunin leggur til frekari breytingar á lögnum en fram koma í frumvarpinu.

a. Breytingar á 14. gr. núverandi laga

Lagt er til að í 2. mgr. 14 gr. laga nr. 55/1998 verði bætt við “*aðgerðarþjónustum, kæli- og frystigeymslum*” í hóp þeirra sem skuli hafa starfsleyfi. Staðan er sú í dag að þessir aðilar þurfa vinnsluleyfi. Engin eiginleg vinnsla fer þó fram.

Sömu leiðis er lögð til svohljóðandi breyting á 3. mgr. 14. gr. Í stað setningarinnar “*Vinnsluleyfi skal binda vinnslu tilgreindra afurða*” komi setningin “*Í vinnsluleyfum skal tilgreina þær vinnslugreinar sem þau ná til*”.

Breyting á orðalagi gerir kleift að einfalda númerakerfi vinnsluleyfa. Með þessu yrði hægt að tilgreina alla starfsemi sem fram fer í sama húsnæði (sömu skoðunareiningu) undir einu vinnsluleyfisnúmeri.

Í 4. mgr. 14. gr. er lagt til að bætt verði við “og eldisafurðir” og myndi ákvæðið vera með svohljóðandi hætti: “*Oheimilt er að veiða, vinna eða geyma sjávar- og eldisafurðir án vinnslu- eða starfsleyfis*”.

b. Breytingar á 16. gr. núverandi laga

Í 1. mgr. 16. gr. er Matvælastofnun veitt heimild til að gera samning við faggilta aðila um að annast tiltekin verkefni við framkvæmd eftirlits. Er jafnframt fellt út að Matvælastofnun veiti skoðunarstofum starfsleyfi, einungis er gert ráð fyrir að gerður sé samningur við þá faggiltu aðila sem falin eru hin tilteknu verkefni. Ákvæði 2. mgr. má hins vegar skilja á þann hátt að skoðunarstofur (faggiltir aðilar) eigi að koma að eftirlitinu, en áður er talað um heimild.

2. mgr. 16. gr. hljóði svo: “*Sé það gert munu hinir faggiltu aðilar rækja eftirlit sitt á vegum Matvælastofnunar sem fylgist með starfi þeirra og sannreynir að þeir ræki skyldur sínar á fullnægjandi hátt, enda skulu þeir veita Matvælastofnun upplýsingar um starfsemi og ástand fyrirtækja á þann hátt sem Matvælastofnun ákveður.*”

Í 3. mgr. 16. gr. er talað um að svipta megi skoðunarstofur starfsleyfi (en áður var fellt út ákvæði um að veita starfsleyfi).

3. mgr. 16. gr. hljóði svo: “*Verði misbrestur á að hinir faggiltu aðilar ræki skyldur sínar, vanræki þeir upplýsingaskyldu sína eða gefi rangar upplýsingar, veitir Matvælastofnun þeim áminningu eða riftir við þá samningi ef sakir eru miklar.*”

c. Breytingar á 17. gr. núverandi laga

Í 1. mgr. 17. gr. er fjallað um skoðunarstofur og fá orðin “og samningsbundinni skoðunarstofu” hér breytta meiningu miðað við núverandi lög. Í nógildandi lögum er átt við skoðunarstofu sem starfs- eða vinnsluleyfishafi gerir samning við, en fær nú merkinguna skoðunarstofa sem er samningsbundin Matvælastofnun. Því þarf að gera eftirfarandi breytingu:

Í stað “Forsvarsmönnum starfs- og vinnsluleyfishafa, sbr. 14. gr., er skylt að veita [Matvælastofnun]1) og samningsbundinni skoðunarstofu...” komi “*Stjórnendur vinnslustöðva, skipa og annarra starfsstöðva er skylt að veita Matvælastofnun og þeim faggiltu aðilum sem falin eru tiltekin verkefni varðandi eftirlit skv. samningi við Matvælastofnun.....*”.

d. Breytingar á 23. gr. núverandi laga

23. gr. falli brott, enda er sú tilvisun miðuð við lögin eins og þau standa í dag. Við þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu fellur núverandi 3. mgr. 22. gr. niður og sama ætti að eiga við 23. gr.

e. Breytingar á 30. gr. núverandi laga

Í 1. mgr. 30. gr. segir: “Fái skip ekki vinnsluleyfi eða starfsleyfi, sbr. 14. gr., eða sé svipt því er Matvælastofnun heimilt að svipta það veiðileyfi”. Lagt er til að þetta ákvæði falli brott. Fiskistofa veitir skipum veiðileyfi og ekki er eðlilegt að önnur stofnun svipti skipin þeim leyfum.

f. Breytingar á 31. gr. núverandi laga

Í 31. gr. laganna vantar “*útgáfu vinnsluleyfa*” í upptalninguna um það sem skal vera til gjaldskrá yfir.

Þá leggur stofnunin til að 2. mgr. 31. gr. a. hljóði svo: “*Eftirlitsaðili framkvæmir viðbótareftirlit hjá starfs- og vinnsluleyfishöfum og með sjávarafurðum, eldisafurðum og aukaafurðum þegar tiltekin starfsemi eða afurðir eru ekki taldar uppfylla þær almennu og eðlilegu kröfur sem gerðar eru til meðferðar eða heilbrigðis afurða vegna vísbendinga um smitefni, mengun eða*

brot gegn heilbrigðis- eða starfsreglum eða skyldra atvika. Raunkostnað af viðbótareftirliti ber framleiðandi eftir því hvaða starfsemi sætir viðbótareftirliti. Framkvæma má viðbótareftirlit þrátt fyrir að afurðir hafi þegar hlotið heilbrigðisvottun”.

Eðlilegt er að áréttta heimild til viðbótareftirlits (eftirfylgni, skyndiskoðana) hjá starfs- og vinnsluleyfishöfum ef þeir eru ekki taldir uppfylla settar kröfur um starfsemi og aðbúnað (umgjörð) til að tryggja heilnæmar afurðir.

g. 52. gr. – Starfsemi skoðunarstofa.

Matvælastofnun fagnar tillögu um breytingu á því fyrirkomulagi sem starfsemi skoðunarstofa byggist á skv. núgildandi lögum. Ákvæði frumvarpsins eru í samræmi við EB löggjöfina, sem tryggir að bein hagsmunatengsl myndist ekki milli skoðunarstofu og matvælafyrirtækis sem hún hefur eftirlit með. *Hins vegar leggur MAST til að breyting á ákvæðum um skoðunarstofur taki ekki gildi fyrr en 1. janúar 2009.* Reikna má með að það taki tíma að ganga frá samningum milli MAST og skoðunarstofa og jafnframt er nauðsynlegt að móta stefnu um hvernig samstarfi þessara aðila skuli háttáð og hvernig eftirlit með hlutaðeigandi fyrirtækjum skuli framkvæmt. Eftirlitið skal byggt á áhættugreiningu. Auk þess þarf ráðherra tíma til að skoða hvernig gjaldtöku vegna eftirlits skuli háttáð, en skv. reglugerð (EB) nr. 882/2004 um opinbert eftirlit skulu fyrirtæki greiða eftirlitsgjöld vegna opinbers eftirlits með sjávarafurðum.

4. VI. kafli – Breytingar á lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994, með síðari breytingum.

a. Breytingar á 1. gr. núverandi laga

Lagt er til að 1. gr. laganna verði breytt þannig að tilgangur þeirra sé í samræmi við löggjöf Evrópusambandsins. Lagt er til að 1. gr. ákvæðisins verði svohljóðandi: *“Tilgangur laganna er að tryggja, svo sem kostur er, gæði, öryggi og hollustu fóðurs, áburðar og sáðvöru.”*

b. 61. gr. frumvarpsins - Skilgreiningar

Í 3. tl. 2. gr. a. er lögð til breyting á merkingu hugtaksins aukefni. Lagt er til að aukefni verði skilgreind með eftirfarandi hætti: *“Aukefni eru efni, efnablöndur eða örverur önnur en fóðurefni eða forblöndur sem eru notaðar í fóður eða vatn í því skyni að:*

- *bæta eiginleika fóðurs eða dýraafurða eða*
- *bæta frumefnum í fóðrið og stuðla að því að ná tilteknum næringarmarkmiðum eða mæta sérstakri tilfallandi næringarþörf dýra eða*
- *fullnægja næringarþörf dýra eða bæta búfjárframleiðslu, einkum með því að hafa áhrif á örveruflóru meltingarvegarins eða niðurbrotshæfni fóðurs, eða*
- *koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum búfjárhalds eða bæta umhverfi dýra eða*
- *verjast hnislum og/eða vefsvipungum.”*

Þessar breytingar eru í samræmi við ákvæði sem eru nú í reglugerð um fóður. Þá eru breytingarnar einnig í samræmi við ákvæði reglugerðar Evrópusambandsins nr. 183/2005 um fóðurheilbrigði.

Í 4. tl. 2. gr. a. er lagt til að forblöndur verði skilgreindar með svohljóðandi hætti: *“Forblöndur eru blöndur aukefna eða blöndur eins eða fleiri aukefna við hráefni eða vatn sem burðarefni, ætlað til framleiðslu á fóðurblöndum.”*

Þá er lagt til að 8. tl. 2. gr. a. verði breytt með svohljóðandi hætti: *“Notandi fóðurs er sá sem notar fóður beint en ekki sem lið í rekstri eða starfsemi fóðurfyrirtækis.”* Með þessari breytingu

skýrist þetta ákvæði, auk þess sem orðið *notandi* kemur í stað *neytandi*. Orðið *notandi* þarf að koma í stað orðsins *neytandi* í öðrum ákvæðum þessa kafla frumvarpsins og athugasemdum um einstök ákvæði. Sem dæmi má hér nefna g. lið 67. gr. frumvarpsins.

c. 64. gr. – Opinber birting

Í 2. mgr. 6. gr. a. er lögð til eftirfarandi breyting: ” *Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um opinbera birtingu niðurstaðna eftirlits skv. 1. mgr.* ” Þessi breyting er sett fram til að skýra betur hvað átt er við.

Í síðasta málslið 3. mgr. 6. gr. a. er lagt til að hugtakið ”*fyrirtæki*” komi í stað ”*matvælafyrirtækis*”.

d. 67. gr. – Dýraprótein

MAST legur til breytingu á 2. mgr. b. liðar (7. gr. b) þannig að þar komi fram orðið ”*búfé*” í stað ”*jórturdyra*”. Orðalag verði þá þannig: ”*Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að nota dýraprótein sem búið er til úr fiski sem fóður eða til fóðurgerðar fyrir búfénað.*”

Framangreind breyting tryggir að auk jórturdyra verði heimilt að nota fiskimjöl í fóður fyrir t.d. svín og alifugla.

Í 4. mgr. 7. gr. h. er lagt til að í stað orðanna ”*skal hann í þeim efnum fylgja gildandi reglum um tíðni skoðana og um sýnatökur*” komi ”*skal hann í þeim efnum fylgja áhættumati um tíðni skoðana og um sýnatökur*”. Í löggjöf Evrópusambandsins er gert ráð fyrir að áætlun um eftirlit með fóðri sé byggð á áhættumati og því er heppilegra að nota það hugtak en að vísa til gildandi reglna.

Þá er lagt til að síðasta málsliði 4. mgr. verði breytt og verði svohljóðandi: ”*Heimilt er þó að endursenda afurðina að fengnu leyfi yfirvalda í útflutningslandi eða taka hana til annarra nota enda sé það talið öruggt.*”

5. VIII. kafli – Staðfesting og gildistaka


74. gr. – Gildistaka

Stofnunin leggur til að tímasetning gildistöku í þessu ákvæði frumvarpsins varðandi II. – IV. kafla þess verði miðuð við endanlega gildistöku sameiginlegra ákvarðana (Joint Committee Decisions) um breytingu á EES-samningnum, sem frumvarp þetta nær til. Sama tímasetning verður að koma fram í 28. gr. frumvarpsins.

Fylgiskjal með frumvarpinu:

Matvælastofnun vill vekja athygli á að stofnunin hefur fengið upplýsingar frá EFTA skrifstofunni í Brussel um að greiða þurfi árlegt gjald fyrir aðild Íslands að Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA). Fyrir 2008 er kostnaðarhlutdeild Íslands á ársgrundvelli 73.592.- evrur, eða hátt í 9 mkr. á núverandi gengi, en Noregur borgar mun hærri upphæð. *Ekki er gert ráð fyrir þessum kostnaði í kostnaðarmati með frumvarpinu. Jafnframt þarf að ákveða hvaða aðili skuli greiða þetta gjald, en MAST greiðir t.d. árlegt gjald vegna aðildar Íslands að Alþjóðlegu dýraheilbrigðisstofnuninni (OIE).*

F.h. Matvælastofnunar,



Viktor S. Pálsson,
forstöðumaður stjórnslusviðs.